

# ANDLEGT ÞJÓÐARRÁÐ BAHÁ'ÍA Á ÍSLANDI

The National Spiritual Assembly of the Bahá'ís of Iceland

Allsherjarnefnd  
Alþingi  
150 Reykjavík

Alþingi  
Erindi nr. P 125/83  
komudagur 10.11.1999

Alfabakka 12  
Pósthólf 9154 • 129 Reykjavík  
Sími: 567 0344 • Fax: 567 1101  
Tölvupóstur: bahai.iceland@itn.is

Reykjavík 9. Nóvember 1999

Háttvirfa nefnd

Andleg þjóðarráð bahá'ía á Íslandi hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um skráð trúfélög. Ráðið fagnar því að lög um trúfélög nr. 18/1975 hafa verið tekin til endurskoðunar. Markmiðið ætti að vera það að finna lausn á þeim vandkvæðum sem komið hafa upp við framkvæmd gildandi laga. Einnig er eðlilegt að endurskoðunin taki mið af þeirri þróun sem átt hefur sér stað á mannréttindasviðinu frá því gildandi lög voru sett. Það kemur því á óvart að í greinargerð með frumvarpinu er hvergi vikið að reynslunni af framkvæmd nügildandi laga. Þjóðarráðinu er ekki kunnugt um að samráð hafi verið haft við þau trúfélög sem skráð hafa verið samkvæmt nügildandi lögum við undirbúning frumvarpsins.

Nügildandi lög um trúfélög falla ekki að stjórnskipulagi bahá'í trúarinnar. Það eru engir prestar í bahá'í samfélaginu og ekkert stjórnvald er á hendi einstaklinga. Það samrýmist því ekki trúnni að útnefna forstöðumann. Það hefur þó verið gert fram til þessa til að uppfylla lagaskyldur. Þetta hefur skapað vandkvæði í starfsemi trúfélagsins. Stjórnun samfélagsstarfseminnar er á hendi níu manna svæðis- og þjóðarráða sem kosin eru til eins árs í senn. Svæðisráð eru stofnuð í sveitarfélögum þar sem níu eða fleiri bahá'íar búa. Árlega er haldið landsþing og kjörnir níu meðlimir í Andlegt þjóðarráð bahá'ía á Íslandi.

Við höfum leitað eftir því að fá það viðurkennt að þessi svæðis- og þjóðarráð uppfylli skyldur samfélagsins gagnvart stjórnvöldum, þar með talið að staðfesta hjónavígslur. Þessu sjónarmiði var komið á framfæri við allsherjarnefnd þingsins með bréfi dags. 12. janúar 1975 þegar nügildandi lög voru til meðferðar í þinginu. Síðan hefur málið endurtekið verið tekið upp við dóms- og kirkjumálaráðuneytið, nú síðast með bréfi dags. 30. ágúst, 1998. Ráðuneytið kom þeim athugasemdum á framfæri við nefndina sem vann frumvarpið.

Í 4. gr. frumvarpsins er hins vegar gert ráð fyrir óbreyttu fyrirkomulagi og þess enn krafist að trúfélög sem sækja um skráningu velji sér forstöðumann óháð því hvort slíkt eigi sér stað í samþykktum viðkomandi trúfélags. Í greinargerð með frumvarpinu eru engin rök færð fyrir nauðsyn þess að gera slíka kröfu. Þjóðarráðið vill hér með fara þess á leit við Alþingi að breytingar verði gerðar á frumvarpinu í meðförum þingsins sem heimili ráðum eða stjórnun að gegna þeim skyldum sem samkvæmt frumvarpinu eru lagðar á forstöðumann. Með slíkri breytingu yrði stigið stórt skref í átt til jafnréttis trúfélaga hér á landi.

Í greinargerð með frumvarpinu segir að tilgangurinn með því að krefjast útnefningar forstöðumanns sé sá að "ljóst sé hver það er sem er ábyrgur gagnvart stjórnvöldum fyrir því að farið sé að ákvæðum laga". Í ljósi þess að viðurlög við brotum á lögnum eru þau að skráning fellur niður, getur ábyrgð allt eins verið á hendi fjölskipaðra stjórna eða ráða. Slik viðurlög varða stjórn eða ráð trúfélaga miklu og skapa nægjanlegt aðhald til að uppfylla skyldur samkvæmt lögnum. Ekki er gert ráð fyrir því að einstaklingar verði dregnir til ábyrgðar eins og 20. gr. núgildandi laga heimilur. Þá er samkvæmt frumvarpinu stjórn trúfélags ætlað hlutverk þegar vandkvæði koma upp í embættisfærslu forstöðumanns. Þetta ákvæði breytir ekki þörfinni fyrir þeirri breytingu sem þjóðarráðið fer fram á hér að ofan.

Varðandi aðrar greinar frumvarpsins vill þjóðarráðið koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum:


Orðalag 1. málsg. 3. gr. er óljóst. Þar er skráning bundin við þau "trúarbrögð mannkyns" sem eiga sér "sögulegar og menningarlegar rætur". Á þessu orðalagi má skilja að til séu trúarbrögð sem ekki eiga sér sögulegar eða menningarlegar rætur. Um þetta er ekki fjallað í greinargerð. Gert er ráð fyrir því að nefnd á vegum ráðuneytisins skeri úr um þetta samkvæmt 4. málsg. 4. gr. Engin rök eru færð fyrir nauðsyn þess að takmarka hugtakið "trúarbrögð mannkyns" með þessum hætti.

Í 2. málsg. 3. gr. er gerð krafa um það að kjarni félagsmanna "eigi til sóknar að gjalda hér á landi samkvæmt lögum um sóknargjöld". Í lögum nr. 19/1987 um sóknargjöld er þetta orðalag hvergi notað. Taka má af tvímæli um þetta ákvæði með því að vísa til búsetu hér á landi.

Í 4. gr. er gerð krafa um nákvæmt félagatal trúfélags við skráningu. Í 5. gr. er jafnframt gert ráð fyrir því að breytingar á félagatali séu tilkynntar árlega. Ekki eru færð rök fyrir þessari nýju kröfu né fjallað um meðferð þessara upplýsinga eða aðgengi að þeim. Einnig vakna spurningar um tengsl við skráningu í þjóðskrá sem áfram mun ráða varðandi aðild að trúfélagi gagnvart sóknargjöldum. Koma þarf í veg fyrir að tvöföld skráning skapi óvissu um framkvæmd laganna.

Þjóðarráðið væntir þess að allsherjarnefnd taki tillögur okkar um breytingar á frumvarpinu til athugunar. Fulltrúar ráðsins geta fundað með nefndinni og gefið frekari skýringar á ósk okkar um að krafan um forstöðumann verði felld niður. Þessari ósk var fyrst komið á framfæri við þingið fyrir tuttugu og fjórum árum.

Virðingarfyllt



Róbert Badi Baldursson  
ritaradeild

Afrit: Dóms- og kirkjumálaráðuneytið  
Páll Arnór Pálsson, lögmaður